

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 22. febrúar 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING**um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.**

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 391 400 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framferanda og 81 600 000 kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 15 600 000 kr.

3. gr.

Eigin áhætta váttryggingartaka sem almennt má áskilja í ábyrgðartryggingu ökutækis, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 307 15. júní 1988, skal vera allt að 22 800 kr. ef tjónið nemur þeirri fjárhæð en ella að fullu.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1991.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 107 23. febrúar 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.